

Álptaneshreppi rjett sinn til þeirra ómerkinga, sem að koma í rjettinni, þá ber áfrýjandanum að skila Álptaneshreppi andvirðinu, sem málsþörtunum hefur komið saman um að væri 9 kr. 66 a., fyrir ómerkinga þá, sem hann seldi í optnefndri rjett 28. septbr. 1874. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður. Málsfærslulaun hinna skipuðu málsfærslumanna málspartanna, sem virðast hæfilega ákveðin 20 krónur handa hvorum, borgist úr opinberum sjóði.

Flutningur málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmætur.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Áfrýjandanum, Ingjaldi hreppstjóra Sigurðssyni á Lambastöðum, ber að greiða hinum stefnda, hreppnefndinni í Álptaneshreppi vegna sveitarsjóðsins 9 kr. 66 a. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Málsfærslulaun hinna skipuðu talsmanna málspartanna, organista P. Guðjohnsens og málflutningsmanns Páls Melsteðs, 20 krónur til hvors, borgist þeim úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. júnímán.

Nr. 13/1876:

Rjettvísín

gegn

Guðlaugi Jónssyni, Ingibjörgu Andrjesdóttur og Margrjetu Vigfúsdóttur.

D ó m u r.

Mál þetta er svo tilkomið, að hin ákærða Margrjet Vigfúsdóttir, sem komin er á lögaldur sakamanna, og

aldrei áður hefur hlotið hegningu nje verið ákærð fyrir nokkurt lagabrot, gekk úr vist sinni í Einholtum í Mýrasýslu vorið 1874 fyrir þá sök, að húsbændur hennar, Guðlaugur Jónsson og kona hans Ingibjörg Andrijesdóttir, hefðu haft hana til að stela, og að hún framvegis eigi vildi láta hafa sig til þess. Út af þessu var mál höfðað gegn tjeðri Margrjetu fyrir þjófnað, eins og fyr nefndum hjónum, Guðlaugi og Ingibjörgu, fyrir að hafa tælt hana til þjófnaðar, og Ingibjörgu þar að auki fyrir framinn þjófnað, og með dómi gengnum 16. októbermán. f. á. í Mýrasýslu var Margrjet dæmd fyrir þjófnað í fangelsi við vatn og brauð í 5 daga og Ingibjörg í 2 × 5 daga, en Guðlaugur var dæmdur sýkn. Málskostnað skyldi Ingibjörg lúka að $\frac{2}{3}$ þörtum, en Margrjet að $\frac{1}{3}$ parti, og þar á meðal í laun til svaramanna sinna, 4 krónur til hvors þeirra.

Margrjet hefur sjálf skýrt svo frá broti sínu, að hún þrisvar hafi eptir skipun húsmóður sinnar, Ingibjargar, stolið svo sem lúku af korni í hvert skipti og einu sinni 4 kjötbitum upp úr tunnu í ólokuðu buri sambýlismanns húsbónda hennar á Einholtum, og líka hafi hún seint á vetrinum 1874 farið á næturþeli að Skiphyl og stolið þar eptir skipun húsbænda sinna töðu í poka úr heygarðinum, er hafa átti til þess að láta kýrnar á heimili hennar ganga. Enn fremur hafi hún eptir skipun húsmóður sinnar, Ingibjargar, er gefin var í áheyrn Guðlaugs, gjört tilraun til að fara í læsta skemmu sambýlismannsins um kvöldtíma, til að stela þar kjöti og hálfgrjónum, en þetta hafi þó farizt fyrir, þar lykill sá, sem húsmóðir hennar fjeck henni til að ljúka upp með, gekk ekki að skemmumni. Að vísu styðst nú þessi framburður Margrjetar ekki við neitt, sem fram komið er í málinu, eins og nefndir húsbændur hennar með öllu hafi borið á móti því, að þau nokkurn tíma hafi

tælt hana til að stela eða skipað henni það; en með því þó á hinn bóginn ekkert það er fram komið, er sýni, að hann sje ósannur, verður samkvæmt laganna 1—15—1 að dæma hana eptir honum, og virðist undirdómarinn rjettilega hafa heimfært brot hennar undir hegningarlöganna 230. gr. og 231. gr. 4. tölulið í sambandi við 47. gr., 46. gr. og 61. gr. niðurlag og 63. gr., sjá og 57. gr. og 237. gr., og hæfilega ákveðið hegninguna eptir málavöxtum í 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Hvað hina ákærðu Ingibjörgu Andrijesdóttur snertir, þá hefur að vísu það orð farið af henni hjá sambýlisfólki hennar, að hún mundi vera ófróm, því smávegis af matartagi hafi horfið hjá sjer, er það eigi þykist geta kennt öðrum um en henni; þannig hefur bústýra sambýlismannsins borið, að eitt sinn, er hún var að sjóða selspik, hafi horfið upp úr pottinum hjá sjer 3 bitarnir, meðan hún sem snöggvast brá sjer burtu úr eldhúsinu, en Ingibjörg hafi verið þar inni að baka pönnukökur, og enginn getað komið þar inn, nema hún vissi, og annað vitni hefur borið, að á meðan það var hjú hjá Ingibjörgu, hafi hún um haustið skammtað sjer og fólkinu skyr, án þess það hafi orðið vart við, að hún væri farin að taka af sínu skyri, og einnig að Ingibjörg hafi haft heita mjólk í aski sínum, þegar ráðskonan á hinu býlinu hefði verið nýbúin að flóa sjer mjólk, án þess það þá vissi til, að Ingibjörg hefði flóað sjer mjólk, og loks hefur þriðja vitnið, húskona þar á bænum, borið, að það hefði Ingibjörgu grunaða um að hafa stolið frá sjer kosti úr súrmjólk, er það átti í tunnu. En bæði er það, að þessir vitnisburðir eru með öllu ónóg sönnun fyrir því, að Ingibjörg hafi stolið selspiksbitunum, skyri, heitri mjólk eða kosti úr súrmjólk, þar sem þeir að eins vitna um grunsemd vitnanna og frekara ekki,

og líka hafa öll vitnin borið, að Ingibjörg hafi aldrei verið staðin að þjófnaði, svo þau viti, eins og hún líka hefur fengið gott orð, áður en hún kom að Einholtum. Þó hafa 3 vitni borið, að þau hafi eitt sinn sjeð Ingibjörgu taka mó í svuntu sína eða kjöltu frá sambýlismanni hennar eða úr mótópt hans, en eins og Ingibjörg hefur borið á móti þessu, svo er þetta ekki nægilega sannað, þar eð svo virðist, sem þau eigi hafi sjeð þetta í sameiningu, heldur þótzt hafa sjeð það sitt í hvert skiptið. Af þessum ástæðum virðist ekki næg ástæða til að dæma Ingibjörgu seka í stuldi þeim, er hún er ákærð um, heldur ber að dæma hana sýkna af ákærum sóknarans, og hvað Guðlaug Jónsson snertir, ber að staðfesta dóm undirrettarins, þar ekkert saknæmt er sannað uppá hann. Allan af málinu fyrir báðum rjettum löglega leiðandi kostnað ber þeim Ingibjörgu og Margrjetu að greiða, sinn helminginn hvorri, og þar á meðal laun svaramanna sinna fyrir undirjettinum, eins og þau eru ákveðin af undirdómaranum, og málsfærslulaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors.

Drátt þann, sem orðið hefur á málinu í hjeraði, hefur undirdómarinn rjettlætt, og því vottast, að rekstur þess fyrir undirjettinum, eins og líka sókn og vörn fyrir yfirdóminum hafi verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Guðlaugur Jónsson og Ingibjörg Andrjesdóttir eiga að vera sýkn af sóknarans ákærum í máli þessu. Margrjet Vigfúsdóttir á að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 5 daga. Hinum ákærðu, Ingibjörgu Andrjesdóttur og Margrjetu Vigfúsdóttur ber að líka allan löglegan kostnað af málinu, sinn

hellinginn hvorri, þar á meðal málsfærsluun til svaramanna sinna fyrir undirjettinum, Helga Helgasonar og Sigurðar Jónssonar, 4 krónur til hvors, og til sóknara og svaramanns fyrir yfir-dóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 23/1875: P. Guðjohnsen vegna dánarbús ekkjufrúr K. Sveinbjörnsson m. fl.

gegn

eigendum og ábúanda jarðarinnar Hnauss.

Dómur.

Mál þetta er risið út af því, að ábúanda jarðarinnar Gneistastaða í Árnessýslu, Magnúsi Eyjólfsyni, þótti nágranni sinn, bóndinn á Hnausi, Magnús Einarsson, bæði slá og beita út yfir merki fram og inn á sig, og tók málstað Magnúsar Eyjólfssonar eigandi Gneistastaða, ekkjufrú K. Sveinbjörnsson, og höfðuðu þau í sameiningu mál móti tjeðum Magnúsi Einarssyni og eigendum jarðarinnar Hnauss, Þórunni ekkju Sigurðardóttur í Hafnarfirði og Hallgrími bónda Þorvarðarsyni á Votmúlakoti, og heimtuðu, að merkin milli Gneistastaða og Hnauss yrðu með dómi ákveðin: úr Gilvaði á Hróarsholtslæk eptir læk þeim, er þangað rennur úr Hnausskeldu, að pitti þeim við Kirkjuflöt, er keldan og lækurinn hafi upptök sín úr og þaðan beina línu til suðurs yfir Bógsöx í markapúfu þar á heiðinni; að Magnús Einarsson yrði skyldaður til að greiða stefnandanum, Magnúsi Eyjólfsyni, í endurgjald 140 krónur auk hæfilegra sekta til Villingaholts-hrepps fátækra sjóðs fyrir yfirgang sinn, og loks að öll-